



14. nóvember 2018
Tílv.: 1810096

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn Seðlabanka Íslands með frumvarpi til laga um brottfall laga um ríkisskuldabréf, nr. 51/1924, 210. mál.

Með tölvupósti dags. 25. október 2018 leitaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands vegna frumvarps til laga um brottfall laga um ríkisskuldabréf, nr. 51/1924, 210. mál á 149. löggjafarþingi 2018-2019.

Frumvarpið er samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samstarfi við Seðlabanka Íslands, en bankinn sinnir lánaumsýslu ríkissjóðs, samkvæmt samningi við ráðuneytið, á grundvelli heimildar í 6. gr. laga um lánasýslu ríkisins, nr. 43/1990.


Með frumvarpinu er lagt til að lög um ríkisskuldabréf, nr. 51/1924, falli úr gildi enda má segja að lögin séu barn síns tíma. Lög um fjármögnun ríkissjóðs hafa enda leyst þau af hólmi, sbr. lög um innlenda lánsfjáröflun ríkissjóðs, nr. 79/1983, og lög um lánasýslu ríkisins, nr. 43/1990.

Verði frumvarpið samþykkt mun það fela í sér eina efnislega breytingu frá gildandi rétti, sem er að ákvæði 1. mgr. 3. gr. laganna um að ríkisskuldabréf skuli ekki gefa út til lengri tíma en 25 ára fellur úr gildi. Þrátt fyrir að núverandi stefna í lánamálum ríkissjóðs geri ekki ráð fyrir að slíkur möguleiki verði nýttur nema sýnt sé að slík útgáfa hafi verulega hagkvæmni í för með sér fyrir ríkissjóð þá mælir Seðlabankinn með brottfalli laga nr. 51/1924 þar sem með því fjölgar kostum ríkissjóðs við skuldastýringu og eykur svigrúm til áhættudreifingar.

Með vísan til alls framangreinds mælir Seðlabanki Íslands með því að að lög um ríkisskuldabréf nr. 51/1924 falli niður.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Már Guðmundsson,
seðlabankastjóri


Björgvin Sighvatsson,
forstöðumaður lánamála ríkissjóðs

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 • 101 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 • NETFANG: seðlabanki@seðlabanki.is • BRÉFASÍMI: 569 9605